



Hafnarsjóður Reykhólahrepps

Ársreikningur 2012

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun endurskoðenda.....	3
Áritun stjórnenda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	9
Skýringar.....	11-13

Áritun endurskoðenda

Til sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Við höfum endurskoðað ársreikning hafnarsjóðs Reykhólahrepps fyrir árið 2012. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu hafnarsjóðs Reykhólahrepps á árinu 2012, efnahag 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akranesi, júlí 2013.

Endurskoðunarstofan Álit ehf.

Löggiltur endurskoðandi

Áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Hafnarsjóður er B hluta fyrirtæki sem hefur með höndum rekstur hafnar í Reykhólahreppi.

Rekstrartekjur sjóðsins á árinu námu 6 millj. kr., en hagnaður ársins nam 2,1 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir sjóðsins í árslok 22,1 millj. kr. og heildarskuldir voru engar. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 22,1 millj. kr. Að öðru leyti visast til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins og rekstur hans á liðnu ári.

Í upphafi ársins sem og í árslok var Reykhólahreppur eini eigandi sjóðsins.

Vísað er til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og breytingar á eigin fé sjóðsins.

Ársreikningur hafnarsjóðs Reykhólahrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu hafnarsjóðs á árinu 2012, eignum, skuldom og fjárhagsstöðu hans 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012.

Hafnarnefnd Reykhólahrepps hefur í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2012 og staðfestir hann með undirritun sinni. Hafnarnefnd leggur til við sveitarstjórn Reykhólahrepps að samþykkja ársreikninginn.

Reykhólum, júlí 2013.

Hafnarnefnd:

Sveitarstjóri:

Rekstrarreikningur ársins 2012

	Skýr.	Ársreikningur 2012	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
Rekstrartekjur:				
Hafnargjöld		3.522.982	3.424.000	3.595.607
Hafnarþjónusta		2.470.634	1.150.000	1.703.393
	2,3,4	<u>5.993.616</u>	<u>4.574.000</u>	<u>5.299.000</u>
Rekstrargjöld:				
Hlutdeild í launakostnaði aðalsjóðs	5	340.797		336.697
Annar rekstrarkostnaður	6	3.205.625	3.898.000	3.095.061
Afskriftir	2,8	647.566		
		<u>4.193.988</u>	<u>3.898.000</u>	<u>3.431.758</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		1.799.628	676.000	1.867.242
Fjármagnsliðir:				
Vaxtatekjur		271.899		
Vaxtagjöld		(7.303)		35.856
	2,7	<u>264.596</u>	<u>0</u>	<u>35.856</u>
Hagnaður ársins		<u>2.064.224</u>	<u>676.000</u>	<u>1.903.098</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

Eignir:

	Skýr.	31.12.2012	31.12.2011
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Hafnarmannvirki		16.730.338	17.086.726
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Aðalsjóður		3.766.778	1.772.742
Fastafjármunir	2,8	20.497.116	18.859.468
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur		1.084.439	2.622.267
Aðrar kröfur		540.476	608.517
Veltufjármunir	2,9	1.624.915	3.230.784
Eignir samtals		22.122.031	22.090.252
Eigið fé og skuldir:			
Eigið fé:			
Eigið fé	10	22.122.031	22.057.807
Skammtímaskuldir:			
Aðrar skammtímaskuldir			32.445
		0	32.445
Skuldir samtals		0	32.445
Eigið fé og skuldir samtals		22.122.031	22.090.252

Sjóðstreymi árið 2012

	Skýr.	Ársreikningur 2012	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
Rekstrarhreyfingar:				
Hagnaður ársins		2.064.224	676.000	1.903.098
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Reiknaðar afskriftir	8	647.566		
Veltufé frá rekstri		2.711.790	676.000	1.903.098
Breytingar á skammtímalíðum:				
Skammtímakröfur, lækkun		1.605.869		2.331.702
Skammtímaskuldir, (lækkun)		(32.445)		
Þing á rekstartengdum eignum og skuldum		1.573.424	0	2.331.702
Handbært fé frá rekstri		4.285.214	676.000	4.234.800
Fjárfestingarhreyfingar:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Hafnarmannvirki		(291.178)		(1.496.422)
Fjárfestingarhreyfingar		(291.178)	0	(1.496.422)
Fjármögnunarhreyfingar:				
Greiddur arður		(2.000.000)	0	0
Aðalsjóður, breyting		(1.994.036)	(676.000)	(2.738.378)
Fjármögnunarhreyfingar		(3.994.036)	(676.000)	(2.738.378)
Breyting á handbæru fé		0	0	0
Handbært fé í ársbyrjun		0	0	0
Handbært fé í árslok		0	0	0

Skýringar

Reikningsskilin:

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir:

2. Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og fasteignatengdra réttinda eru reiknuð sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og færð í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða rekstrargjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

d. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð. Eignfærðar jarðeignir eru ekki afskrifaðar. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Ár

Hafnarmannvirki 16,7

e. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennt áhættu sem fylgir kröfueign sjóðsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennt áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

f. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í landi sem ekki er leigt út fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

g. Fjárhagsáætlun og sundurliðanir

Fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir árið 2012 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymis- yfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt.

Hafnarsjóður Reykhólahrepps

Skýringar frh.:

Rekstrartekjur:

	Ársreikningur 2012	Áætlun 2012	Ársreikningur 2011
3. Hafnargjöld:			
Aflagjöld	2.262.379	2.672.000	2.044.957
Vörugjöld	328.896	510.000	700.278
Bryggjugjöld	843.042	178.000	638.384
Lestargjöld	88.665	64.000	211.988
	<u>3.522.982</u>	<u>3.424.000</u>	<u>3.595.607</u>
4. Hafnarþjónusta:			
Vigtargjald	11.144		301.472
Kranaþjónusta	28.560	50.000	
Sorpeyðing	94.530		
Rafmagn	2.168.144	1.100.000	1.399.487
Vatnssala	101.656		
Aðrar tekjur	66.600		2.434
	<u>2.470.634</u>	<u>1.150.000</u>	<u>1.703.393</u>

Launagjöld:

5. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Hlutdeild í launakostnaði aðalsjóðs	340.797	0	336.697
---	---------	---	---------

Annar rekstrarkostnaður:

6. Aðkeypt þjónusta:

Vörukaup	20.453	600.000	208.931
Aðkeypt verktakaþjónusta	112.608	1.500.000	1.173.439
Rafmagn	2.214.921	1.100.000	1.630.203
Heitt vatn	100.000		
Vátryggingar	67.986	69.000	65.732
Eftirlitsgjöld	11.430	9.000	10.224
Vöruflutningar	947	20.000	6.532
Námskeiðsgjöld		50.000	
Félagsgjöld	47.280	40.000	
Innri afnot - stjórnunarkostnaður	480.000	510.000	
Niðurfærsla skammtímakrafna	150.000		
	<u>3.205.625</u>	<u>3.898.000</u>	<u>3.095.061</u>

Fjármagnsliðir:

7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Fjármunatekjur

Vaxtatekjur	36.556		
Vaxtatekjur eigin fyrirtækja	235.343		35.856
	<u>271.899</u>	<u>0</u>	<u>35.856</u>

Fjármagnsgjöld

Fjármagnstekjuskattur	7.303		
	<u>7.303</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
	<u>264.596</u>	<u>0</u>	<u>35.856</u>

Hafnarsjóður Reykhólahrepps

Skýringar frh.:

Varanlegir rekstrarfjármunir:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Hafnarmannvirki

Heildarverð í ársbyrjun	17.377.904
Afskrifað í ársbyrjun	0
Bókfært verð í ársbyrjun	<u>17.377.904</u>
 Afskrifað á árinu	 (647.566)
Bókfært verð í árslok	<u>16.730.338</u>
 Heildarverð samtals	 17.377.904
Afskrifað samtals	 (647.566)
Bókfært verð í árslok	<u>16.730.338</u>
 Afskriftarhlutföll	 6%
Vátryggingafjárhæð	0

Skammtímakröfur:

9. Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

31.12.2012

Niðurfærsla í ársbyrjun	0
Niðurfærsla ársins	<u>150.000</u>
	<u>150.000</u>

Eigið fé:

10. Yfirlit um eiginfjárreikninga greinist þannig:

31.12.2012

31.12.2011

Eigið fé í ársbyrjun	22.057.807	20.154.709
Greiddur arður	(2.000.000)	
Hagnaður ársins	2.064.224	1.903.098
	<u>22.122.031</u>	<u>22.057.807</u>